



Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið
Lindargötu 1,
101 Reykjavík

Sent á samráðsgátt

Reykjavík, 29. ágúst 2022

Efni: Umsögn Klæðskera- og kjólameistarafélagsins um drög að breytingu á reglugerð um löggiltar iðngreinar nr. 940/1999.

Stjórn Klæðskera- og kjólameistarafélagsins (félagið) hefur skoðað og tekið til umsagnar drög að breytingu á reglugerð um löggiltar iðngreinar sem nú er til umsagnar í samráðsgátt stjórnvalda. Félagið gerir alvarlegar athugasemdir við samráðsleysi ráðherra í undirbúningi málsins. Í reglugerðardrögunum er lögð til breyting á iðngreinum er falla undir Klæðskera- og kjólameistarafélagið og telur félagið að skort hafi á að fylgt hafi verið lögbundnu samráðsferli við vinnslu reglugerðardraganna. Vísar félagið í því skyni til 2. gr. reglugerðarinnar.

Klæðskurður er iðngrein, ásamt kjólasaum, sem kennd hefur verið í Tækniskólanum um árabíl og er lögvernduð samkvæmt áðurnefndri reglugerð. Töluvert mikil aðsókn er í umræddar greinar og hafa á síðastliðnum tveimur áratugum verið gefin út 246 sveinsbréf í greinunum, þar af 96 úr klæðskurði og 150 úr kjólasaum. Greinarnar ná fyrst og fremst til sérsaums og annarrar fagvinnu þar sem áhersla er lögð á búningasaum, sniðagerð og aðra fagvinnu sem tengist sköpun og framleiðslu fatnaðar. Skiptingin hefur verið þannig að klæðskeri sérsaumar herrafatnað og annast viðeigandi vinnu sem því tengist. Kjólameistari sérsaumar kjóla og annast viðeigandi vinnu sem því tengist. Um er að ræða nám í iðngreinum sem krefst mikillar þjálfunar og færni sem skilar sér í sérhæfðri þjónustu meistara og sveina í að framleiða sérsniðnar lausnir.

Í dag er það svo að klæðskurður kvenna hefur ekki verið kenndur á Íslandi og gerir námskrá eingöngu ráð fyrir klæðskurði (karla) og kjólasaumi, eins og fyrr greinir. Þess ber að geta að þær greinar eru ekki samkynja þó unnt sé að finna einhver samlegðaráhrif. Þá má benda á að klæðskurður kvenna er kenndur erlendis og er skipting á klæðskurðargreinum eftir kynjum ekki bundin við Ísland heldur um alþjóðlega skipan þessara iðngreina að ræða. Stefni stjórnvöld að því að klæðskurður samkvæmt íslenskri námskrá nái til allra, óháð kyni, þá kallar það á uppfærslu námsins.



Í reglugerðardrögunum er að finna tillögu þess efnis að kyngreining klæðskurðar verði hætt og eftirleiðis verði gefin út sveinsbréf í klæðskurði. Skal á það bent að sú tillaga mun eftir atvikum þurfa að leiða til breytinga á námskrá, sbr. framangreint. Félagið áttar sig þó á mikilvægi þess að afnema kynskiptingu í iðninni í ljósi þróunar í samfélaginu og aukna vitund um fjölbreyttara þjóðfélag, þar sem viðurkennd eru fleiri en tvö kyn og klæðskurður getur í eðli sínu verið fjölbreyttur innan hvers kyns.

Í ljósi framangreinds tekur stjórn félagsins undir mikilvægi þess að breyta löggildingu á iðngreininni klæðskurður en óskar eftir því að það sé eingöngu gert að viðhöfðu samráði við mennta- og barnamálaráðherra og samhliða uppfærslu námskrár í iðninni. Samhliða telur félagið mikilvægt að löggilding kjólasaums verði staðfest í reglugerðinni í samræmi við framkvæmd og útgefin sveinsbréf.

Virðingarfyllst,

Katla Sigurðardóttir,
formaður